

Nd.

133. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 28, 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Bifreiðarstjórar teljast iðnaðarmenn samkvæmt lögum þessum, og fer um kaupgjald þeirra og aksturslaun eins og kaup iðnaðarmanna og þóknun fyrir verk þeirra unnin í ákvæðisvinnu.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Talið er, að bifreiðarstjórar geti ekki fengið kaupgjald sitt og aksturslaun innheimt samkvæmt l. nr. 28 1930, um greiðslu verkkaups. Óska þeir þess almennt að njóta verndar þessara laga, og er þessi viðauki við löginn fram borinn að ósk þeirra, enda virðist eins á komið um greiðslu á kaupgjaldi þeirra og aksturslaunum, þar i talin leiga fyrir verkfærið, eins og um launagreiðslu verkamanna og iðnaðarmanna.